140 22. sept. beiðni Benedikts Oddssonar í Gjarðey um styrk til þess að læra leirkerasmíði á Jótlandi eða í Noregi og síðan útvega sjer hin nauðsynlegu áhöld til þess, að byrja hjer á landi reglulegan atvinnuveg sem leirkerasmiður, vil jeg biðja yður að tjá beiðandanum, að það er hvorttveggja, að sem stendur er ekkert óeytt af fje því, sem veitt er til verklegra framfara á tímabilinu 1878—79, enda gæti varla komið til tals, að veita fje úr landssjóði til slíks fyrirtækis, nema því að eins, að hlutaðeigandi amtsráð vildi leggja fram fje til móts við styrkinn úr landssjóði; því geti fyrirtæki þetta haft nokkra þýðingu fyrir almenning, mun hjerað það og landsfjórðungur sá, er hlutaðeigandi er búsettur í, fyrst og fremst hafa gagn af því.

141 23. sept. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* laun hjeraðslæknis. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 3. maí þ. á. hefi meðtekið bónarbrjef frá hjeraðslækninum í 6. læknishjeraði, Þorvaldi Jónssyni, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði frá 1. janúar þ. á. veitt hálf laun, sem settum hjeraðslækni í 5. læknishjeraði, vil jeg, jafnframt því að benda á brjef ráðgjafans frá 5. júlí þ. á. (stjórnartíð. B. 106.) tjá yður það, sem nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Með því að hið 5. læknishjerað hefir að undanförnu verið hluti af hinu nyrðra læknishjeraði vesturumdæmisins, þar sem beiðandinn er skipaður læknir með veitingarbrjefi frá 6. febrúar 1865, og með því að lög um breytingu á læknishjeruðunum frá 15. oktbr. 1875 í 3. grein ákveða, «að eldri læknahjeraða skiptingin skuli haldast, þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti», og með því að sú bráðabirgðaráðstöfun[1], er kom því til leiðar, að þessu læknishjeraði var gegnt af öðrum á tímabilinu frá 1870—1878, ekki hefir gjört neina fullnaðarbreytingu á læknishjeraðaskipuninni, að því er lýtur að þeim hluta Barðastrandarsýslu, sem lagður er til 5. læknishjeraðsins, því að lögin frá 15. oktbr. 1875 3. gr. ákveða, eins og áður er getið, með berum orðum, að hin eldri læknishjeraðaskipan skuli haldast, þangað til búið sje að skipa hjeraðslækna smámsaman í hin nýju læknishjeruð, sem stofnuð eru með þessum lögum — getur beiðandinn ekki átt lagaheimting á aukaborgun, þótt hann hafi verið settur fyrst um sinn frá 1. janúar þ. á. til að gegna hjeraðslæknisstörfum í þeim hluta af hinu upprunalega læknishjeraði hans, sem með lögum frá 15. oktbr. 1875 er lagt til 5. læknishjeraðs, en sem verður í raun og veru fyrst þá stofnað sem nýtt læknishjerað, þegar hjeraðslæknir verður skipaður í það fyrir fullt og allt.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 20. dag septbrm. tók ráðgjafinn fyrir Ísland samkvæmt beiðni Jóns A. Sveinssonar aptur löggildingu þá, er honum hafði verið veitt 14. ágúst f. á. til að vera settur kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig að hann skyldi telja lausan við embættið frá 15. s. m.; og s. d. var frá sama degi cand. philol. Sigurður Sigurðsson settur í þetta embætti með 2000 kr. árslaunum og með skuldbindingu til, ef þess er krafizt, að gegna umsjónarmennskunni við tjeðan skóla án sjerstaks endurgjalds.

1) Sjá brjef dómsmálastjórnarinnar 12. oktbr. 1870 í tíðindum um stjórnarm. III bls. 103.